

Fréttabréf



Hvað er foreldrafélag?

Samkvæmt lögum **skal starfa** foreldrafélag við alla grunnskóla á Íslandi

Allir foreldrar/forsjáraðilar við Borgarhólsskóla eru meðlimir í *Foreldrafélagi Borgarhólsskóla*

Hlutverk foreldrafélags er að ...

- Styðja við skólastarfið
- Stuðla að **velferð** nemenda
- **Efla tengsl** heimili og skóla
- Hvetja til **virkrar þátttöku foreldra** í skólastarfi
- Veita **aðhald og eftirlit** með skólastarfi

Hver er tilgangurinn með samskiptum milli foreldra og skóla?

- Nemanda **líður betur** í skólanum
- Nemandi sýnir skólanum **aukinn áhuga**
- Nemandi bætir **námsárangur**
- Nemandi fær aukið **sjálfstraust**
- Nemandi **mætir betur** í skóla
- Bæði nemandi og foreldrar fá **jákvæðara viðhorf** til skólans
- Aukinn samtakamáttur foreldra bæði við uppeldið og í menntunarhlutverki sem foreldri

Lestraráttak í gangi

Það er staðreynd að **lestrarnám** er grunnurinn fyrir allt annað nám

Við **foreldrar/forsjáraðilar** gegnum **lykilhlutverki** í lestrarnámi okkar barna og það er mikilvægt að við séum góðar fyrirmyndir og gerum heimalesturinn að eðlilegum hluta í daglega lífinu.

Ef börnin okkar hafa ekki grunninn, þá getur allt annað nám orðið þeim verulega erfitt.

Setjum **heimalestur í forgang** á þessu glænýja ári - bætum þannig árangurinn hjá okkar börnum og um leið þeirra lífsgæði

Ráð fyrir foreldra yngri barna við heimalestur:

- Reynið að **skapa rúttínu** og góða stemningu í kringum heimalesturinn
- Skoðið fyrst bókina með barninu til að komast inn í efni sögunnar og vekja áhuga á því
- Látið barnið fylgja línunum eftir með fingri um leið og það les. Rifjið upp stafi og hljóð sem barnið hikar við og fylgist með að það þekki stafina
- Fáiið barnið til að segja frá efni sögunnar, ræðið efni textans og látið reyna á ályktunarhæfni þess

Ráð fyrir foreldra við heimalestur:

- **Hrósið** og **hvetjið** barnið áfram. Reynið að sýna **þolinmæði** og **jákvæðni**
- Ræðið við kennara ef lestrarnámið heima fyrir gengur ekki nægilega vel

Stjórn vetrarins ætlar að leggja sitt af mörkum að **bæta hag nemenda**, m.a. með því að standa fyrir **fræðslu** um mikilvægi lesturs bæði fyrir nemendur og foreldra/forráðafólk og fylgja eftir framkvæmdum á bættri hljóðvist í skólanum

Við óskum eftir samstarfi og **hvetjum ykkur foreldra/forsjáraðila** til öflugrar **þátttöku** í öllu því sem verið er að vinna í samvinnu innan bekkjarins hjá ykkar barni – bekkjarfulltrúar eru leiðtogar í hópi foreldra bekkjarins, en allir foreldrar eru þátttakendur.

Virk og öflug þátttaka foreldra eru hagur barnanna.

Kveðja frá stjórn foreldrafélagsins 2023-2024:

Guðmundur Friðbjarnarson, *formaður*
Hildur Eva Guðmundsdóttir, *varaformaður*
Rakel Dögg Hafliðadóttir, *ritari*
Kristinn Jóhann Lund, *gjaldkeri*
Berglind Júlíusdóttir, *meðstjórnandi*
Hrefna Regína Gunnarsdóttir, *meðstjórnandi*